



Viðbragðsáætlun við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi

Markmið

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum (FÍV) vill skapa starfsumhverfi og menningu þar sem öllum líður vel. Slíkt er gert með markvissu forvarnarstarfi, skýrum verkferlum og stuðningi. Það er yfirlýst stefna skólans að innan hans ríki viðhorf sem eru laus við fordóma og mismunun hvort sem er meðvitað eða ómeðvitað og tryggt er að einelti, ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin innan skólans. Kynbundin og kynferðisleg áreitni, kynbundið og kynferðislegt ofbeldi er ekki umborið undir neinum kringumstæðum. Slíkt er hvorki liðið í samskiptum starfsfólks og nemenda, meðal starfsfólks eða nemenda innbyrðis, né heldur í samskiptum starfsfólks eða nemenda FÍV við einstaklinga utan skólans enda eigi samskiptin sér stað í tengslum við starfsemi FÍV.

Starfsfólk og nemendur skulu ávallt sýna samstarfsfólki sínu og samnemendum kurteisi og virðingu í samskiptum. Meðvirkni starfsfólks og nemenda í eineltis/ofbeldis málum er fordæmd.

Markmiðið með þessari viðbragðsáætlun er að tryggja að úrræði séu til staðar telji aðili sig hafa orðið fyrir slíkum brotum, að gripið verði samstundis til aðgerða gegn einelti og hverskyns ofbeldi og málin leidd til lykta.

Skilgreining hugtaka

- Með hugtakinu **kynbundin áreitni** er átt við hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni.
- Með hugtakinu **kynferðisleg áreitni** er átt við hvers kyns kynferðislega hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni.
- Með hugtakinu **kynbundið ofbeldi** er átt við ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.
- Með hugtakinu **kynferðislegt ofbeldi** er átt við brot gegn kynfrelsi einstaklings sem lýst eru refsiverð í XXII. kafla almennra hegningarlaga.
- Með hugtakinu **starfsfólk** er átt við alla sem starfa á vegum FÍV
- Með hugtakinu **nemandi** er átt við alla sem skráður eru til náms í skólanum.
- Með hugtakinu **aðilar máls** er átt við þann sem talið er að hafi brotið af sér og þann sem talið er að hafi orðið fyrir broti.



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Forvarnir

Í forvarnarstarfi er lögð áhersla á að skapa aðstæður og skólabrag sem eykur vellíðan nemenda og starfsfólks og tryggir öryggi þeirra. Eftirfarandi atriði eru höfð til hliðsjónar í forvarnarstarfi:

- Greina og meta áhættuþætti í starfsumhverfi starfsfólks og nemenda.
- Rýna niðurstöður kannanna sem mæla upplifun og líðan bæði nemenda og starfsfólks.
- Endurskoða skilvirkni aðgerða og verklags með reglulegu millibili og að loknum málum er varða einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni, sem og annað ofbeldi.
- Þjálfar starfsfólk í viðbrögðum og verkferlum er varða einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni, sem og annað ofbeldi.
- Auka þekkingu nemenda og starfsfólks um klámvæðingu, kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi og hvernig er hægt að sporna gegn því.
- Gera verkferla sýnilega og aðgengilega öllum.
- Á tveggja ára fresti er stjórnendum og jafnréttisnefnd send viðbragðsáætlun til yfirferðar, endurskoðunar og samþykkis.

Ábendingar/tilkynningar

Fólk sem upplifir sjálft eða telur aðra upplifa einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi getur tilkynnt það til stjórnenda, námsráðgjafa, umsjónarkennara, trúnaðarfólks kennara eða jafnréttisfulltrúa skólans. Nóg er að um grun sé að ræða. Mál vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis skal ávallt skoða og bregðast við. Ýmist er um formlega eða óformlega málsmeðferð að ræða (sjá nánar hér neðar).

Aðili sem tekur við ábendingu eða tilkynningu um brot skal umsvifalaust vísa erindinu til faglegrar meðferðar.

Meðferð mála

Mikilvægt er að gera greinarmun á formlegri eða óformlegri málsmeðferð. Það er hins vegar þannig að hvort sem mál eru álitin formleg eða óformleg þá er markmiðið ávallt að skapa öryggi, styðja við góð samskipti og koma í veg fyrir að einelti, áreitni og ofbeldi viðgangist í skólanum. Skal það ávallt gert með trúnaði, trausti, virðingu, og varfærni að leiðarljósi.

Óformleg málsmeðferð

Ef vandinn er metinn minniháttar og tilkynnandi hefur fyrst og fremst þörf fyrir samtal, stuðning og óbeinar aðgerðir getur óformleg málsmeðferð verið rétta leiðin. Einnig ef málsatvik eru óljós, ekki fást upplýsingar eða ef tilkynnandi óskar eftir því að málið fari ekki í formlegan farveg þá getur verið um óformlegan farveg að ræða (ef það er metið að ekki sé um mjög alvarlegt mál að ræða). Óformlega leiðin krefst þess ekki að fleiri séu settir inn í málið nema nemandi óski eftir því eða í góðu samráði við hann. Mál geta verið óformleg á fyrstu stigum og færst svo yfir í formlegan farveg ef við á.

Formleg málsmeðferð

Ef tilkynnandi/brotapoli óskar eftir því fer málið strax í formlegan farveg (ef það á við). Einnig í alvarlegri tilvikum, en alltaf er leitast við að leyfi nemandans liggi fyrir áður en mál fer í formlegan farveg. Formlegur farvegur felur í sér könnun máls (rætt við aðila sem eiga hlut að máli), aðkomu fagaðila (og annarra eftir þörfum). Þá skapast einnig forsendur til beinna eða



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

skýrari aðgerða sem geta sem dæmi falist í tiltali, tilmælum, áminningum, fundum, aðstoð og fræðslu.

Viðbrögð

Þegar ábending eða tilkynning berst skal boða þann sem tilkynnti á fund (ef hægt er) og kanna afstöðu viðkomandi til ábendingarinnar eða tilkynningar. Rætt er við alla aðila máls. Sé aðili máls undir 18 ára aldri eru forráðamenn upplýstir og beðnir um að vera viðstaddir. Berist tilkynning frá þriðja aðila (öðrum en þeim aðila sem talið er að hafi orðið fyrir broti), boða stjórnendur þann sem talið er að hafi orðið fyrir broti á fund sinn og kanna afstöðu viðkomandi til tilkynningarinnar/ábendingarinnar. Að loknum viðtölum við aðila málsins er ákveðið hvort taka skuli málið til formlegrar meðferðar. Þriðji aðili, sem tilkynnir en hefur ekki beina aðild að atviki eða tilteknum samskiptum, telst ekki vera aðili máls og á ekki rétt á upplýsingum um málið.

Ef um óformlegt mál er að ræða er starfsfólki/nemendum veittur stuðningur með trúnaðarsamtali eða ráðgjöf. Ef um félagslegt óöryggi eða einangrun er að ræða og tilkynning/grunur beinist ekki að tilteknum nemanda/nemendum eða atviki/atvikum getur verið gripið til almennra aðgerða, eins og eflingu forvarna eða samskiptavinnu með tiltekinn einstakling eða hóp. Stuðningur námsráðgjafa, umsjónarkennara eða sálfræðings geta verið þau úrræði sem eiga við í slíkum málum.

Ef ákveðið er að taka mál til formlegrar meðferðar skal tilkynna það stjórnendum og aðili/aðilar máls eftir því sem þörf er á. Skulu stjórnendur, að höfðu samráði við fagaðila, grípa til nauðsynlegra ráðstafana varðandi náms- eða vinnutilhögun aðila málsins. Reynt skal að ná sáttum um vinnutilhögun meðan málið er í skoðun. Alvarleg atvik geta leitt til kæru/tilkynningar til opinberra aðila. Endanlegt ákvörðunarvald í málum sem þessum er ávallt í samræmi við fagaðila og lög og reglur.

Trúnaður og þagnarskylda

Mæli lög ekki á annan veg er fagaðila og öðrum þeim sem að málunum koma skylt að gæta þagnarmælsku um einstök mál.

Eftirfylgni og skráningar

Samtöl og tilkynningar eru skráð og farið með þau sem trúnaðargögn (skv. persónuverndarstefnu skólans). Fagaðilar og aðilar máls skulu hafa aðgang að gögnum máls sem eru vistuð í skjalasafni FÍV.

Gildistaka og endurskoðun

Viðbragðsáætlunin er gerð á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og með hliðsjón af lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 150/2020, lögum um persónuvernd nr. 90/2018 og reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015. Viðbragðsáætlunin var samþykkt á fundi þar sem stjórnendur, forvarnarfulltrúi, fulltrúi nemendafélagsins, jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd sátu 25. október 2022. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti og oftár ef þörf er á.